



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. júlí 2016.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, 242. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 21. mars sl þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, 242. mál á 145. löggjafarþingi. Beðið er velvirðingar á því að dregist hefur að senda inn umsögn.

Í tillögunni felst að heilbrigðisráðherra verði falið að skipa starfshóp sem kanni hvernig hægt sé að efla starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og auka fjárveitingar til hennar með það að markmiði að standa vörð um starfsemina og minnka álag á Landspítala. Starfshópurinn skili niðurstöðum eigi síðar en í apríl 2016.

LÍ telur mikilvægt að standa vörð um starfsemi allra heilbrigðisstofnana landsins, auka fjárveitingar til þeirra eftir því sem kostur er og haga starfsemi þeirra með þeim hætti að þær geti eftir því sem unnt er minnkað álag á Landspítala. Utan Reykjavíkur starfa sex heilbrigðisstofnanir, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands, Austurlands, Suðurlands og Suðurnesja í samræmi við reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014.

Sé það vilji Alþingis að samþykkja þingsályktunartillöguna telur LÍ mikilvægt að efni hennar verði útvíkkað þannig að starfshópnum verði þá falið að kanna möguleika á því að efla starfsemi fleiri heilbrigðisstofnana en Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Þá gefur það auga leið að breyta þarf tímamörkum þeim sem starfshópurinn fær til starfa.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna þessarar þingsályktunartillögu, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.